



Hörgársveit

Fréttabréf

31. janúar 2022 13. árgangur 1. tölublað

FRÁ MÖÐRUVALLAKIRKJU

**Fjölskylduguðþjónusta verður í Möðruvallakirkju
kl 13.00 sunnudaginn 6. febrúar**

Nýr prestur, sr. Erla Björk Jónsdóttir mætir, ásamt sr. Oddi Bjarna og gleðin verður allsráðandi.

Skyldumæting fermingarbarna og forráðafólks

Síðar í mánuðinum verður haldin messa í tilefni konudagsins - nánar auglýst.

Vinsamlegast finnið okkur á fésbókinni :

Möðruvallaklausturskirkja og Dalvíkurprestakall.

Sundlaugin Þelamörk

VETRAROPNUN

MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA: KL. 17:00-22:30

FÖSTUDAGA LOKAÐ

LAUGARDAGA KL. 11:00 – 18:00

SUNNUDAGA KL. 11:00 – 22:30



ÞELAMÖRK
ÍRÓTTAHAUS - SUNDLAUG

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Mánudaginn 31. janúar 2022 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar í húsnæði félagsmiðstöðvar í Pelamerkurskóla

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, María Albína Tryggvadóttir og Jónas Þór Jónasson.
Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 26.01.2022

Fundargerðin er í 10 liðum og þarfnast 7 liðir afgreiðslu sveitarstjórnar.

a) Í lið 1, Moldhaugar/Skútar, aðal- og deiliskipulag

Kynningartímabili skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna framkvæmdaáforma á Moldhaugnahálsi lauk þann 3. janúar sl. og bárust níu erindi á kynningartímabili lýsingarinnar.

Sveitarstjórn samþykkti að unnin verði aðalskipulagstillaga með hliðsjón af athugasemdum sem bárust vegna skipulagslýsingarinnar og að tillagan verði kynnt fyrir almennungi skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða kynningunni fari fram kynning á drögum að endurskoðuðu deiliskipulagi skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, enda liggi fyrir drög að endurskoðuðu deiliskipulagi þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum sem fram komu á fundi skipulags- og umhverfisnefndar í desember 2021. Haldinn verði almennur kynningarfundur um skipulag á Moldhaugum/Skútum um miðjan febrúar 2022.

b) Í lið 2, Glæsibær/Hagabyggð, aðal- og deiliskipulag

Kynningartímabili skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir annan áfanga Hagabyggðar í Glæsibæjarlandi lauk þann 12. janúar sl. og bárust sex erindi á kynningartímabili lýsingarinnar.

Sveitarstjórn samþykkti að unnin verði aðalskipulagstillaga með hliðsjón af athugasemdum sem bárust vegna skipulagslýsingarinnar.

c) Í lið 3, Dalvíkurlína 2, skipulagslýsing

Kynningartímabili skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna Dalvíkurlínu 2 lauk þann 19. janúar sl. og bárust 12 erindi á kynningartímabili lýsingarinnar.

Sveitarstjórn samþykkti að unnin verði aðalskipulagstillaga með hliðsjón af athugasemdum sem bárust vegna skipulagslýsingarinnar og að hún sé kynnt fyrir almenningi skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælt er með að umhverfisskýrsla með aðalskipulagsbreytingunni verði unnin sameiginlega fyrir alla lagnaleiðina.

d) Í lið 4, Leikskólalóð, tillaga að deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lónsbakkahverfis sem felur í sér að lóð leikskólans Álfasteins verði stækkuð, byggingarreitur leikskólabygginga stækkaður og bílastæðum við leikskólann fjölgað.

Sveitarstjórn telur að skipulagstillagan teljist óveruleg breyting með hliðsjónum af viðmiðum sem fram koma í gr. 5.8.2. í skipulagsgreinargerð nr. 90/2013 og samþykkti skipulagstillöguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkti að fallið verði frá grenndarkynningu erindisins á grundvelli 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

e) Í lið 5, Hjalteyri, afmörkun lóða

Lögð fram hugmynd að afmörkun lóða fyrir radióstöð og fiskeldishús úr Verslunarlóðinni á Hjalteyri (L152373) sem Guðmundur H. Gunnarsson hefur unnið að beiðni sveitarfélagsins. Auk þess er lögð fram tillaga að afmörkun lóðar fyrir sumarbústaðinn Kárastaði úr Verslunarlóðinni.

Sveitarstjórn samþykkti að fyrrgreindar lóðir verði skráðar í Þjóðskrá í samræmi við fyrirliggjandi tillögu að afmörkun. Sveitarstjórn samþykkti að skráðar verði lóðir við Búðargötu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Sveitarstjórn samþykkti að fyrrgreindar lóðir verði að skráningu lokinni leigðar til eigenda hlutadeigandi húsa.

f) Í lið 6, Mið-Samtún, afmörkun lóðar

Lagt fram erindi ásamt uppdrætti frá eiganda Mið-Samtúns þar sem óskað er eftir afmörkun lóðar fyrir íbúðarhús á bújörðinni. Erindinu fylgir uppdráttur frá Búnaðarsamandi Eyjafjarðar dags. 04.01.2022. Sveitarstjórn samþykkti erindið, enda liggi fyrir skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi landeigna vegna lóðarmarka sem sýnd eru á uppdrættinum og kvöð um aðkomu og lagnaleiðir verði þinglýst á umliggjandi land samhliða stofnun lóðar.

g) Í lið 8, Skipulag sorphirðu til framtíðar

Lögð fram ný lög um meðhöndlun úrgangs ofl. Jafnframt var lögð fram fundargerð samráðsfundar sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu um úrgangsmál. Umræður urðu um breytingar á lögum og reglum og skipulag sorphirðu til framtíðar í samræmi við þær.

Sveitarstjórn samþykkti að haldið verði áfram samstarfi við nágrannasveitarfélögin um skipulag úrgangsmála.

2. Fundargerð rekstrar- og framkvæmdanefndar frá 24.01.2022

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 34. fundi

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerðir stjórnar SSNE frá 32. og 33. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

5. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 905. fundi

Fundargerðin lögð fram.

6. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 269. fundi

Fundargerðin lögð fram.

7. Fundargerð aukafundar hluthafa Greiðrar leiðar frá 29.12.2021

Fundargerðin lögð fram.

8. Pelamerkurskóli, breyting á skóladagatali

Óskað er eftir breytingu á skóladagatali Pelamerkurskóla er varðar dagsetningu á árhátíð skólans.

Sveitarstjórn samþykkti þá breytingu á skóladagatali Pelamerkurskóla að árhátíð skólans verði 7. apríl í stað 3. febrúar 2022.

9. Varmadæluvæðing

Rætt um frekari aðkomu sveitarfélagsins. Afgreiðslu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar.

10. N4, hugmynd að samstarfssamningi

Lögð fram tillaga að samstarfssamningi milli fyrirtækisins og sveitarfélaga á svæðinu.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið fyrir sitt leyti en frestar afgreiðslu þess þar til almenn afstaða sveitarfélaganna liggur fyrir.

11. Molta ehf., forkaupsréttur á hlutafé

Fyrir liggur kaupsamningur þar sem Fjárfestingarfélagið Urðir ehf. kaupir af Tækifæri ehf. eignarhlut í Moltu ehf. (bæði félög eru í eigu KEA). Samkvæmt samþykktum Moltu ehf eiga aðrir hluthafar forkaupsrétt á hlutafé í Moltu.

Sveitarstjórn samþykkti að nýta ekki forkaupsrétt Hörgársveitar á hlutafénu.

12. Húsnæðisáætlun Hörgársveitar 2022

Lögð fram tillaga að húsnæðisáætlun til umræðu og afgreiðslu, en tillagan hefur verið yfirfarin af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Sveitarstjórn samþykkti húsnæðisáætlunina eins og hún liggur fyrir.

13. Lög um farsæld barna, samþætting þjónustu, innleiðingarferli

Lagt fram minnisblað varðandi samstarf um innleiðinguna.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu málsins.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu í samstarfi við nágrannasveitarfélögin, í takt við umræður á fundinum.

14. Laun sveitarstjórnar og nefnda

Sveitarstjórn samþykkti að laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna frá 1. janúar

2022, verði sem hér segir:

Oddviti: 21% af þingfararkaupi á mánuði og 4,5% af þingfararkaupi fyrir setinn fund.

Aðrir fulltrúar í sveitarstjórn: 7,5% af þingfararkaupi á mánuði og 3% af þingfararkaupi fyrir setinn fund

Varamenn í sveitarstjórn: 3% af þingfararkaupi fyrir setinn fund

Formaður nefndar: 4,5% af þingfararkaupi fyrir setinn fund

Aðrir nefndarmenn: 3% af þingfararkaupi fyrir setinn fund.

15. Fundardagar sveitarstjórnar jan. – maí 2022

Lögð fram fundaáætlun sveitarstjórnar janúar til maí 2022.

16. Samþykktir um stjórn Hörgársveitar breytingar, fyrri umræða

Sveitarstjórn samþykkti að gerðar verði breytingar á 5. gr., 14. gr., og 40. gr. á gildandi samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa samþykktinni með áorðnum breytingum til síðari umræðu.

17. Trúnaðarmál

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 19:30

Moldhaugnaháls, Hörgársveit – kynning aðal- og deiliskipulagstillögu á vinnslustigi

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 31. janúar 2022 að kynna drög að aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði Skútaberghs ehf. á Moldhaungahálsi fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni telst að afmörkun og skilmálar athafnasvæðis AT-1 og afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF-2 er breytt vegna áforma um aukin umsvif á svæðinu. Í deiliskipulagstillögunni felst að skilgreindar eru sex byggingarlóðir fyrir alls um 40.000 fm. atvinnuhúsnæðis auk lóða fyrir vinnuvélasafn og skylda starfsemi, vinnubúðir, skrifstofuhúsnæði. Gert er ráð fyrir 3 neðanjarðarhvelvingum alls 21.000 fm sem nýtast munu í tengslum við safnastarfsemi auk markaðstorgs. Ennfremur er gert ráð fyrir ökugerði í tengslum við vinnuvélasjóla og alls 12 ha geymslusvæðis fyrir lausamuni. Skilmálar efnistökusvæðis E5 haldast óbreyttir frá núgildandi deiliskipulagi svæðisins, en þar er gert ráð fyrir um 5.000.000 rúmmetra efnistöku.

Skipulagsverkefnið tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fylgja skipulagstillögunum drög að umhverfisskýrslu.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á skrifstofu Hörgársveitar, Pelamerkurskóla, milli 7. febrúar og 28. febrúar 2022 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is. Meðan á kynningartímabilinu stendur gefst almenningi kostur á að koma ábendingum eða athugasemdum vegna skipulagstillögunnar á framfæri við skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

Kynningarfundur vegna skipulagstillagnanna verður haldinn í Hlíðarbæ kl. 20:00 miðvikudaginn 16. febrúar. Þar munu fulltrúar sveitarstjórnar kynna skipulagstillögurnar og svara spurningum fundargesta.

Skipulags – og byggingarfulltrúi